



Námsáætlun

ÍSLE2mg05 Miðönn 2020

Kennarar: Ásdís Björnsdóttir, Ingibjörg Kjartansdóttir og Sif Þráinsdóttir

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ritgerðasmíð.
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu.
- helstu bókmenntahugtökum, mismunandi tegundum bókmennta og tímabilum í íslenskum bókmenntum síðari alda.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli.
- ganga frá texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni.
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli.
- nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæði við úrvinnslu verkefna.
- flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni .
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntatexta síðari tíma.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum sem er metið með verkefnum og prófum.
- beita málinu á árangursríkan og viðeigandi hátt við mismunandi aðstæður sem er metið með munnlegri framsögn.
- tjá rökstudda afstöðu og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu sem er metið með munnlegri framsögn.
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta og geta miðlað því á skýran hátt til samnemenda sinna sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn.
- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum sem er metið með verkefnum og prófum.
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum sem er metið með verkefnum.
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samliðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum sem er metið með verkefnum og prófum.

Kennslugögn

Grettis saga. Skólaútgáfa. Ýmsar útgáfur.

Íslensk málsaga. Sölvi Sveinsson. 2007. Edda.

Snorra-Edda. snorraedda.is (rafræn útgáfa fyrir framhaldsskóla).

Fjallaverksmiðja Íslands. Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2019. Forlagið.

Stafsetning: Nemendum bent á að nýta sér þær kennslubækur sem þeir hafa stuðst við fyrr á námsferli sínum. Sjá einnig rafrænt stuðningsefni á Innu.



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
1. 16. - 20. nóv.	Kynning á áfanga. Lestur og yfirferð <i>Grettis sögu</i> hefst.	Verkefni úr <i>Grettis sögu</i> .	
2. 23. - 27. nóv.	<i>Grettis saga</i> .	Skilaverkefni úr <i>Grettis sögu</i> (5%).	Úrsagnareindagi: 27. nóvember.
3. 30. nóv. - 4. des.	<i>Grettis saga</i> .	Ritunarverkefni úr <i>Grettis sögu</i> (5%). Próf: <i>Grettis saga</i> (10%).	
4. 7. - 11. des.	Lögð fram ritgerðarefni og hafin vinna við ritgerð. Umfjöllun um uppbyggingu ritgerða. Heimalestur: <i>Fjallaverksmiðja Íslands</i> .	Ritgerð: Efni valið, skrifuð drög að inngangi og lokið við fyrri kafla.	
5. 14. - 18. des.	Unnið við ritgerð. Heimalestur: <i>Fjallaverksmiðja Íslands</i>	Lokið við meginmál, lokaorð og heimildaskrá.	Námsmatsdagar 17. og 18. desember. Sjúkrapróf 17. nóv. (ef við á). Miðannarmat.
Jólafrí			
6. 4. - 8. jan.	Lokið við ritgerð. Nemendur kynna ritgerðarefni sín. Heimalestur: <i>Fjallaverksmiðja Íslands</i> .	Ritgerð: Yfirlestur og fínþússa fyrir skil. Ritgerð skilað (15%). Kynning á ritgerð (5%).	
7. 11. - 15. jan.	<i>Íslensk málsaga</i> . Bókmenntahugtök, bragfræði, myndmál og stílbrögð: Helstu hugtök rifjuð upp.	Verkefni úr málsögu. Próf: <i>Fjallaverksmiðja Íslands</i> (7%).	
8. 18. - 22. jan.	<i>Íslensk málsaga</i> .	Verkefni úr málsögu. Próf/verkefni (20%).	Námsmatsdagur 20. janúar. Sjúkrapróf (ef við á).
9. 25. - 28. jan.	<i>Snorra-Edda</i> (goðafræði). Stafsetning.	Verkefni úr <i>Snorra-Eddu</i> . Stafsetning – stöðupróf.	Imbra 27.-28. janúar. Frí 29. janúar.
10. 1. - 5. feb.	<i>Snorra-Edda</i> (goðafræði).	Verkefni úr <i>Snorra-Eddu</i> .	
11. 8. - 11. feb.	<i>Snorra-Edda</i> (goðafræði).	Próf úr <i>Snorra-Eddu</i> (goðafræði). Próf/verkefni 20%.	

Áskilinn er réttur til breytinga á námsáætlun ef þurfa þykir.

**Námsmat:**

Próf úr <i>Grettis sögu</i> .	10%
Verkefni úr <i>Grettis sögu</i> .	10%
Ritgerð.	15%
Kynning á ritgerð.	5%
Próf/verkefni úr málsögu.	20%
Próf/verkefni úr <i>Snorra-Eddu</i> .	20%
Próf úr <i>Fjallaverksmiðju Íslands</i> .	7%
Verkefni.	8%
Ástundun.	5%

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 5,0 í lokaeinkunn.

Nánar um skipulag:***Grettis saga:***

- Lesnir eru vel kaflar 13-25, 32-48 og 64-86.
- Lesnir eru lauslega kaflar 1-12, 26-31, 49-63 og 87-93.

Íslensk málsaga:

- Eftirfarandi kaflar eru lesnir:
 - Af máli verður maður kunnur, Forfeður lögðust í ferðalög, Víkingaferðir og landnám, Saga íslensku, Orð af orði, Samhljóðabreytingar og Hvað á barnið að heita?

Snorra-Edda:

- Kaflinn Gylfaginning er allur lesinn.

Skáldsaga – Fjallaverksmiðja Íslands:

- Skáldsagan er yndislestur nemenda og það er ekki farið í bókina í tímum.

Bókmenntahugtök, myndmál, stílbrögð og bragfræði:

- Upprifjun á hugtökum, sjá efni á INNU.

Með ósk um velgengni á önninni!
Ásdís, Ingibjörg og Sif.